

# Skýrsla

## starfshóps um málefni fanga

Starfshópur á vegum Félagsmálaráðuneytis vegna bættra félagslegra úrræða fyrir fanga eftir að afplánun lýkur.

3	Aðfaraorð
4	Um tillögur starfshópsins
6	Heildarferlið
8	Vinna starfshópsins
10	Bata- eða refsivist
12	Kynning á bataúrræðum
13	Batahús
15	Tillögur

## **Starfshópin skipuðu:**

Porlákur „Tolli“ Morthens myndlistarmaður var formaður starfshópsins.

Ingibjörg Sveinsdóttir frá heilbrigðisráðuneyti.

Kristín Einarsdóttir frá dómsmálaráðuneyti.

Ragnheiður Bóasdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Laufey Gunnlaugsdóttir frá Vinnumálastofnun.

Jón Þór Kvaran frá Fangelsismálastofnun.

Sigrún Þórarinsdóttir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga

Guðmundur Ingi Þóroddsson fulltrúi fanga tilnefndur af Afstöðu, félagi fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun.

Starfshópnum til ráðgjafar voru Valdís Ösp Ívarsdóttir og Agnar Bragason.

Starfsmenn starfshópsins voru Ívar Már Ottason, lögfræðingur á skrifstofu barna- og fjölskyldumála hjá félagsmálaráðuneytinu og Þór Hauksson Reykdal, sérfræðingur hjá Félagsmálaráðuneytinu. Hópnum til halds og trausts var Sóley Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður félags- og barnamálaráðherra og Birgir Ómarsson, grafískur hönnuður.

Desember 2019

# Aðfaraorð

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, skipaði þann 19. júní 2018, eftirfarandi einstaklinga til setu í starfshópi um bættar félagslegar aðstæður einstaklinga sem lokið hafa afplánun refsingar í fangelsi.

Ráðherra skipaði Þorlák „Tolla“ Morthens, myndlistarmann sem formann starfshópsins. Hlutverk starfshópsins var að koma með tillögur um hvernig unnt væri að styðja fanga og fyrrum fanga betur til þátttöku í samfélaginu að lokinni afplánun, auka virkni þeirra til atvinnuþátttöku og/eða náms, draga úr endurkomutíðni í fangelsi, lækka hlutfall þeirra sem verða öryrkjar í kjölfar afplánunar og draga úr félagslegum vandamálum þeirra.

Við greiningu starfshópsins á verkefnum þeim er honum voru falin, kom í ljós að nauðsynlegt væri að huga að heildarmyndinni ef árangur ætti að nást.

# Um tillögur starfshópsins

Tillögur starfshópsins fela í sér aukna eftirfylgd einstaklinga, sem hljóta refsidóma hér á landi. Þannig muni standa til boða fjölbreytt ráðgjöf og þjónusta, m.a. sálfræðiþjónusta, félagsráðgjöf og fíkniráðgjöf, strax frá uppkvaðningu dóms, á tímabilinu áður en afplánun refsingar hefst, á meðan afplánun varir og einnig eftir að afplánun lýkur.

Íslenskar sem erlendar rannsóknir benda til þess að fangar séu mun líklegri en annað fólk til að glíma við geðheilbrigðisvanda<sup>1,2,3</sup> og í sumum löndum eru sjálfsvíg fanga alvarlegt vandamál.<sup>4</sup> Talið er að um 37-44% einstaklinga í fangelsum hafi sögu um geðheilbrigðisvanda, þar af hefur u.þ.b. fjórðungur glímt við alvarlegt þunglyndi, 18% við geðhvörf og 13% hafa greinst með persónuleikaröskun.<sup>5</sup> Margir fangar hafa upplifað áföll í sínu lífi og er áfallastreituröskun algengari meðal fanga en hjá almenningi og telja sumar rannsóknir að þetta geti verið nokkuð hátt hlutfall eða um 44% kvenna og 27% karla.<sup>6</sup> Almennt er talið að kvenfangar séu berskjaldaðri gagnvart geðrænum erfiðleikum, sjálfsskaða og sjálfsvígum en karlfangar og því er mikilvægt að hlúa sérstaklega að konum í þessum aðstæðum.<sup>7</sup> Mjög stór hluti fanga glímir einnig við fíknivanda.<sup>8</sup> Tölfræði varðandi hlutfall fanga með fíknivanda er mismunandi á milli landa en í sumum löndum er talið að allt að 92,5% fanga glími við fíknivanda af einhverju tagi.<sup>9</sup> Rannsóknir benda til þess að meðferð við fíknivanda, sem hefst á meðan refsivist stendur og er fylgt eftir að afplánun lokinni dragi úr fíkniefnaneyslu og líkum á því að viðkomandi brjóti aftur af sér.<sup>10</sup>

Samfella í geðheilbrigðisþjónustu við fanga er krefjandi en áriðandi verkefni og mikilvægt er að samhæfa kerfin utan sem innan veggja fangelsanna.<sup>11,12</sup> Hafa skal í huga að hætta er á því að föngum, sem glíma við geðræna erfiðleika, versni á meðan á fangelsisvist stendur sé ekkert að gert og litlar líkur eru á því að þeim gangi vel að aðlagast samfélaginu að lokinni afplánun.<sup>13</sup> Áriðandi er að tryggja þessum hópi fólks viðeigandi gagnreynda þjónustu með samfelli í gegnum allt ferlið frá dómsuppkvaðningu og tengja það við þjónustu að afplánun lokinni.

Í ljósi þessa er til mikils að vinna fyrir samfélagið í heild að unnið verði markvisst með geðheilbrigði einstaklingsins strax frá fyrstu stigum. Tíminn áður en afplánun hefst hefur til þessa lítt verið nýttur, en það er álit starfshópsins að hann geti skipt mjög miklu máli í því hvaða stefnu líf einstaklingsins taki á meðan refsivist stendur.

Nauðsynlegt er að viðkomandi sveitarfélög veiti þjónustu, eins og kostur er, á meðan refsivist stendur og þá með auknu samstarfi félagsþjónustu sveitarfélaga og sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Starfshópurinn leggur einnig til úrbætur á fangelsisvist einstaklinga (betrunarvist) og byggja þær á sambærilegum úrræðum sem standa til boða hjá nágrannaþjóðum okkar. Lagt er til að einstaklingi standi til boða strax við komu í fangelsi að velja hvort hann fylgi fyrirfram gefinni áætlun er varðar menntun, starfsendurhæfingu, félagsráðgjöf, ráðgjöf- og meðferð sálfræðings og í þeim tilvikum sem það á við, fíkniráðgjöf og meðferð við fíknivanda.

Að lokinni afplánun haldi áfram þjónusta viðeigandi aðila, eins og þurfa þykir og þar með mynduð samfella í ráðgjöf við einstaklinginn allt frá fyrstu stigum máls hans og þar til hann hefur náð að fóta sig að nýju í samfélaginu. Rík áhersla verði lögð á að einstaklingnum verði boðið upp á að ganga inn í úrræðið á hvaða stigi málsins sem er og að þeim sem „falla úr“ standi einnig til boða að betra sig að nýju.

Hvað varðar eftirfylgd að fangelsisvist lokinni hefur starfshópurinn horft til sambærilegs úrræðis í Englandi, þar sem sjálfseignastofnunin „Forward Trust“ hefur náð góðum árangri og náð að draga úr endurkomum í fangelsi og styrkja félagslega stöðu þeirra sem lokið hafa refsivist.<sup>14</sup> Byggir skipulag úrræðisins á því að þeir sem svo kjósa fái að dveljast allt að tvö ár eftir að afplánun lýkur í svokölluðu batahúsi, þar sem áfram verði unnið með sjálfseflingu einstaklingsins og aðlögun hans að samfélaginu að nýju.


Þá er það ekki síður mikilvægur þáttur í tillögum starfshópsins að aðstandendum fanga standi einnig til boða viðeigandi ráðgjöf. Mikilvægt er að leggja áherslu á samveru fanga og fjölskyldu þeirra og styrkja tengingu við börn viðkomandi.

Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum starfshópsins í meðfylgjandi skýrslu.

1. Rannveig Smáradóttir og Sigrún Alda Ragnarsdóttir, 2018 sjá: <http://hdl.handle.net/1946/29529>
2. House of Commons Committee of Public Accounts, 2019 sjá: <https://publications.parliament.uk/pa/cm201719/cmselect/cmpubacc/400/400.pdf>
3. Bureau of Justice Statistics 2017 sjá: <https://www.bjs.gov/content/pub/pdf/imhprj1112.pdf>
4. Konrad og Opitz-Welke (2014) sjá: <https://www.openaccessjournals.com/articles/the-challenges-of-treating-the-mentally-ill-in-a-prison-setting-the-european-perspective.pdf>
5. Bureau of Justice Statistics 2017 sjá: <https://www.bjs.gov/content/pub/pdf/imhprj1112.pdf>
6. Rannveig Smáradóttir og Sigrún Alda Ragnarsdóttir, 2018 sjá: <http://hdl.handle.net/1946/29529>
7. Konrad og Opitz-Welke (2014) sjá: <https://www.openaccessjournals.com/articles/the-challenges-of-treating-the-mentally-ill-in-a-prison-setting-the-european-perspective.pdf>
8. <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/21503562>
9. Casares-López et al., 2011
10. <https://report.nih.gov/NIHfactsheets/ViewFactSheet.aspx?csid=22>
11. United States Government Accountability Office, 2018 sjá: <https://www.gao.gov/assets/700/690090.pdf>
12. House of Commons Committee of Public Accounts, 2019 sjá <https://publications.parliament.uk/pa/cm201719/cmselect/cmpubacc/400/400.pdf>
13. Konrad og Opitz-Welke (2014) sjá: <https://www.openaccessjournals.com/articles/the-challenges-of-treating-the-mentally-ill-in-a-prison-setting-the-european-perspective.pdf>
14. Sjá: <https://www.forwardtrust.org.uk/>


# Heildarferlið

Hér er dregin upp grafísk teikning af heildarúræðum fyrir þá sem sæta dómi um fangelsisvist. Ferlinu er skipt upp í þrjá einingar (A, B og C) þar sem hver rammi fyrir sig hefur að geyma viðeigandi ferla sem allir stuðla að bata og skaðaminnkun. Fyrsta skrefið er að mæta einstaklingnum þegar dómur er birtur þar sem viðkomandi er upplýstur um það sem er í boði fram að afplánun, ef um bið er að ræða og hvað er í boði í afplánuninni þegar hún hefst.



Annað skrefið er afplánunin en þar getur viðkomandi strax valið á milli bataleiðar eða hefðbundinnar refsivistar ef hann hefur ekki gert það þá þegar. Bataleiðin er lituð gulu til aðgreiningar frá refsivist, sem er lituð bláu.

Bataferlið er byggt upp með fagfólki, þ.m.t. frá félagsþjónustunni, sjálfbóðaliðum og starfsfólki Fangelsismálastofnunar, sem sinnir daglegu starfi innan veggja fangelsisins.




## Meðfylgjandi er yfirlit yfir hugmyndir sem fram hafa komið í starfi hópsins.

Verkefni starfshópsins samkvæmt skipunarbréfi ráðherra var fyrst og fremst að koma með tillögur að lausnum fyrir skjólstæðinga Fangelsismálastofnunar eftir að afplánun lýkur. Rætt var um þá hugmynd að stofna þyrfti batahús fyrir karla annars vegar og konur hins vegar þar sem einstaklingum væri veittur stuðningur til þess að aðlagast samfélaginu að nýju eftir bestu getu.


Að mati starfshópsins er ljóst að bataúrræði er ekki gerlegt nema tekið sé á heildrænan hátt á málefni einstaklinga allt frá því að dómur er birtur þar til afplánun lýkur.

Leggur hópurinn því til að tekið verði upp samfellt verklag að bataferli frá því að dómur fellur, meðan viðkomandi einstaklingur bíður afplánunar og á meðan á afplánun stendur og að lokinni afplánun.

Til að tryggja samfellu og samhæfingu í þjónustu er mikilvægt að einn aðili haldi utan um mál einstaklingsins í gegnum allt ferlið, sem hafi þekkingu og færni til að kalla að málinu þá sérfræðinga sem þarf hverju sinni. Telur starfshópurinn að þar komi til greina fulltrúi frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Grundvallaratriði er að samtal milli fagaðilans og einstaklingsins eigi sér stað eftir uppkvaðningu dóms þar sem einstaklingnum eru kynnt þau úrræði sem í boði eru strax frá fyrsta degi.







Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun eru um 500 einstaklingar á boðunarlista eftir afplánun og getur biðtíminn verið mislangur.


Stór hluti skjólstæðinga Fangelsismálastofnunar eru einstaklingar sem glíma við fíknivanda og/eða við afleiðingar áfalla. Mikilvægt er að ná til þessara einstaklinga um leið og tækifæri gefst. Einstaklingar sem glíma við fíknivanda og bíða afplánununnar eru oft fullir vonleysis og getur biðtíminn orðið til þess að þeir leggist í dýpri neyslu sem oft leiðir til meiri skaða bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Það er því mat starfshópsins að þarna þurfi strax að koma á samtali þar sem viðkomandi einstaklingi eru kynnt úrræði til hjálpar. Á það við um úrræði til afeitrunar á viðeigandi stofnun ásamt aðstoð áfalla- og fíknifræðinga, sálfræðinga og/eða geðlækna eftir atvikum. Mikilvægt er að til staðar verði virk tenging við hin ýmsu grásrótarsamtök og aðra þá sem hafa það að marki að stuðla að betrun í samfélaginu.

Þegar einstaklingur fær dóm er mikilvægt að hjálpa fjölskyldu viðkomandi með skaðaminnkandi úrræðum. Þjóða þarf upp á viðtalsmeðferð til að flýta fyrir bata og sameiningu fjölskyldna eftir að afplánun lýkur. Þegar afplánun hefst er nauðsynlegt að greiningar séu framkvæmdar af fagfólki, sem leggur mat á stöðu hvers og eins, andlega, líkamlega og félagslega til þess að geta áttað sig betur á þörfum einstaklingsins.

Við upphaf afplánunar er æskilegt að einstaklingurinn hitti annan einstakling sem staðið hefur í sömu sporum en hefur náð bæði bata og árangri. Þannig yrði einstaklingurinn upplýstur af jafningja um þau úrræði sem eru í boði.

# Bata- eða refsivist



Í grófum dráttum eru tvær leiðir til staðar í dag þegar kemur að afplánun. Annars vegar hefðbundin „refsivist“ og hins vegar bataferli fyrir þá sem það vilja þiggja. Mikilvægt er að verkferlar, er snúa að bata í fangelsum og leiða til batamenningar yrði valkostur fyrir einstaklinganna í stað ríkjandi fangelsismenningar. Félagslegur veruleiki fangelsa felur alltaf í sér átök milli þessa tveggja valkosta.

Bataúrræði þurfa þannig að vera aðskilin frá refsivist þar sem það fer ekki saman að einstaklingar í neyslu og allsgáðir deili saman rými.

Bataferli þarf að byggja upp í samstarfi milli fagaðila á vegum Fangelsismálastofnunar og annarra fagaðila, sem sinna myndu einstaklingsmeðferð og handleiðslu.

Í ljósi þess hve áfallasaga á ríkan þátt í fíknisjúkdómum er nauðsynlegt að samfelld vinna á vegum áfalla- og fíknifræðinga eigi sér stað í bataferllinu ásamt aðkomu annarra sérfræðinga eftir atvikum. Aðkoma sjálfbóðaliða og jafningja, sem stuðla að betrun, er mikilvægur þáttur í því að byggja upp menningu sem snýr að bata innan fangelsa.

Mikilvægt er að um leið og afplánun hefst hafi einstaklingurinn áframhaldandi aðgang að félagsráðgjafa frá sínu sveitarfélagi, sem síðan fylgi honum áfram að afplánun lokinni. Að mati starfshópsins er brýnt að öll sveitarfélög og þjónustustöðvar innan hvers sveitarfélags gæti jafnræðis og bjóði sambærilega þjónustu og úrræði fyrir alla, eftir því sem kostur er. Til þess að samfelld aðkoma félagsþjónustu gangi upp þarf að vera öflug félagsráðgjöf innan Fangelsismálastofnunar til að tryggja gott samtarf við félagsþjónustu sveitarfélaga.


Tryggja þarf viðeigandi menntunarúrræði fyrir fanga þar sem menntun er ein af grundvallar forsendum betrunar. Í því samhengi er vert að nefna að í undirbúningi er samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar um menntunar-úrræði fyrir fanga. Hlutverk fangavarða er einnig mikilvægt þar sem þeir eru í hvað mestum samskiptum við einstaklingana. Verða þeir að hafa menntun við hæfi svo þeir geti mætt þeirri ábyrgð sem hvílir á þeim. Mun menntun þeirra einnig verða viðfangsefni í ofangreindu samstarfi ráðuneytanna og Fangelsismálastofnunar.

Þeir einstaklingar sem ekki geta stundað nám þurfa að fá stuðning við að stunda viðeigandi atvinnu- eða virkniúrræði. Starfshópurinn leggur til að atvinnuráðgjafi og/eða náms- og starfsráðgjafi hafi aðsetur bæði í Batahúsi, sem fjallað verður um hér á eftir og hjá Vinnumálastofnun. Í ráðgjöfinni yrði lagt mat á þörf fyrir tilboð um fræðslu/þjálfun/virkniúrræði. Samstarf við heildarsamtök atvinnurekenda er mikilvægt í þessu samhengi. Með þessu móti væri hægt að liðka til með ráðningar og vinna þétt með þeim atvinnurekendum sem tilbúnir eru í samstarf. Slíkt samstarf gæti einnig nýst öðrum sem lokið hafa afplánun. Ráðgjafinn yrði tengiliður við vinnumarkaðinn og bæri ábyrgð á því samstarfi. Stuðningur við atvinnuleitendur og atvinnurekendur væri einstaklingsmiðaður.

Ávinningur samfélagsins af bættum einstaklingi er mikill og augljós. Til að fá einstaklinginn til að velja bataúrræði sem lausn þarf ávinningur hans af því einnig að vera áþreifanlegur.


Þó einstaklingur hafi ekki valið bataúrræði í upphafi afplánunar þarf viðkomandi að standa til boða að þiggja slíkt úrræði síðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Að sama skapi gætu einstaklingar tapað rétti sínum til þátttöku ef þeir brjóta það samkomulag sem þarf til dvalar í bataúrræði. Agareglur fangelsa verða því að taka tillit til slíkra þátta svo úrræðin nái þeim markmiðum sem að er stefnt.

Grunntónn nálgunarinnar þarf að vera virðing og kærleikur (e. compassion), ekki bara vegna tilfinningasemi eða góðmennsku, heldur vegna þess að rannsóknir á eðli heilans og gagnvirkni huga, hugsana og tilfinningakerfa sýna fram á mikilvægi þessa þátta þegar unnið er með einstaklinga sem eiga sér áfallasögu.<sup>15</sup>



<sup>15</sup>. <http://australia21.org.au/wp-content/uploads/2016/09/Kirby-2016-Compassion-interventions-overview-synthesis.pdf>

# Kynning á bataúrræðum



Biðtími eftir dómi þar til afplánun hefst er að mati starfshópsins erfiður tími fyrir einstaklinginn þar sem oft tekur við neysla og hegðun, sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Það er því mikilvægt að leitast við að vekja von um bata, með samtali einstaklings við fagfólk, þar sem viðkomandi einstaklingur er upplýstur um að í boði eru skaðaminnkandi úrræði og meðferð ef viðkomandi kýs. Einnig er mikilvægt að bjóða aðstandendum upp á viðeigandi aðstoð.

Meðan beðið er eftir afplánun er einnig mikilvægt að fram fari greining á stöðu viðkomandi þar sem andlegt og líkamlegt ástand er greint. Þessi hluti þjónustunnar yrði í höndum teymis fagfólks s.s. sálfræðinga, fíkní- og áfallafræðinga auk geðlækna eftir þörfum. Gera þarf ráð fyrir samfelldri leiðsögn og meðferð sem heldur utan um einstaklinginn þar til afplánun lýkur og úrræði Batahúss tekur við.

Hægt verði að komast að í batavist hvenær sem er meðan á afplánun stendur að uppfylltum skilyrðum en einnig getur einstaklingur misst rétt til betrunarvistar ef hann stendur ekki við gerða samninga um vistina.

Dvalartími þarf að fara eftir aðstæðum hvers og eins á meðan afplánun varir.

# Batahús

Að lokinni afplánun er mikilvægt að það séu til staðar úrræði fyrir einstaklinginn sem tryggja farsæla aðlögun að samfélaginu. Miklu skiptir að á móti þeim taki stuðningur til aðlögunar en ekki neysluvinir. Starfshópurinn lítur svo á að ef ekki taki við handleiðsla og hjálp til þeirra sem ljúka afplánun er aukin hættu á að öll sú vinna og hjálp, sem veitt var á meðan á afplánun stóð, fari forgörðum.

Í Batahúsi yrði einstaklingnum boðin heimilisástaða til allt að tveggja ára eða eftir atvikum skemmri tíma. Þetta er að mati starfshópsins nauðsynlegur þáttur í því að tryggja áframhaldandi bata og aðlögun sem myndi leiða til fullrar þátttöku í samfélaginu. Stór hluti þeirra sem fá refsidóma vegna afleiðinga fíknisjúkdóma eiga langa göngu innan stofnana samfélagsins allt frá bernsku og fram á fullorðinsár. Fullt traust þarf að vera til staðar milli einstaklingsins og þess sem aðstoðar hann við að ná bata. Erfitt gæti reynst að byggja upp slíkt traust milli einstaklingsins og þeirra sem hann upplifir að eru að vinna fyrir hönd kerfisins, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Heppilegt væri ef rekstur slíks batahúss væri í höndum sjálfseignarstofnunar eða líknafélags til að stuðla sem best að þessari fjarlægð.

Að mati starfshópsins þyrfti Batahúsið að vera staðsett í íbúðahverfi á höfuðborgarsvæðinu vegna nálægðar við þjónustu, menntun og vinnu. Þá er það einnig mikilvægur þáttur í farsælli aðlögun að samfélaginu að einstaklingar fái tækifæri til að taka fullan þátt í hinu daglega lífi sem flestir taka sem sjálfsögðum hlut.




**BATAHÚS**  
Karlar

**INNRA STARF**

- Rekstraraðili
- Karlar 8-12
- Geðlæknir (2-4 skipti á mánuði)
- Fíkni- og áfallaprógram
- Fjármálaráðgjafi
- Námsráðgjafi (fyrir hverja önn)
- Sálfræðingur (1/2-1 dag í viku)
- Félagsráðgjafi (1-2 í viku)
- Grúppa (dagsplön og húsverk)
- Atvinnumál/starfsráðgjafi

Félagsmálaráðuneytið



**BATAHÚS**  
Konur

**INNRA STARF**

- Rekstraraðili
- Konur 2-4
- Geðlæknir (2-4 skipti á mánuði)
- Fíkni- og áfallaprógram
- Fjármálaráðgjafi
- Námsráðgjafi (fyrir hverja önn)
- Sálfræðingur (1/2-1 dag í viku)
- Félagsráðgjafi (1-2 í viku)
- Grúppa (dagsplön og húsverk)
- Atvinnumál/starfsráðgjafi

Félagsmálaráðuneytið

Öll sú faglega aðstoð sem í boði væri á meðan afplánun stæði, þ.e. aðstoð sálfræðinga, áfalla- og fíknifræðinga eða geðlækna yrði áfram til staðar í Batahúsi þannig að samfellt bataferli rofni ekki. Hin ýmsu félagslegu úrræði sem þegar eru til staðar s.s. Félagsvinir Rauða krossins og Grettistak þurfa einnig að standa einstaklingum Batahússins til boða.

Heimilisfólk yrði látið bera ábyrgð á daglegri umgengni og samskiptum. Í Batahúsi verði leitast við að láta einstaklingnum líða eins og hann sé heima hjá sér og að hann upplifi öryggi og velvild í sinn garð.

Gera má ráð fyrir að Batahús, líkt og það sem lagt er til hér, þyrfti að rúma um 10 karlmenn hverju sinni og að sambærilegt hús fyrir kvenmenn þyrfti að rúma um 2-6 konur. Þá má reikna með því að einn starfsmaður gæti sinnt þeirri þjónustu sem boðið yrði upp á í húsinu, en ekki er gert ráð fyrir nætur- og helgarvöktum.

Mikilvægt er að endurnýja félagsleg tengsl sem hafa rofnað, t.d. vegna neyslu, svo einstaklingurinn upplifi ekki einsemd og tilgangssleysi á fyrstu stigum í bataferlinu. Hægt væri að líta til 12 spora samtakanna, sem eru félagsskapur karla og kvenna sem samhæfa reynslu, styrk og von.

Eitt af meginmarkmiðum Batahúss yrði að hvetja til þess að einstaklingar beini sjónum sínum frá neyslu og afbrotum og að sjálfsstyrkingu, námi, vinnu og því að öðlast sess í þjóðfélaginu á ný.

Fjárhagslegur ávinningur samfélagsins af því að einstaklingur, sem glímir við fíknivanda, hætti að valda skaða er gríðarlegur, hvort sem það er sá beini kostnaður sem hlýst af afbrotum eða óbeinn kostnaður vegna örorku og langvarandi samfélagslegra afleiðinga á fjölskyldur og umhverfi einstaklingsins.

Þó svo að afplánun sé lokið og einstaklingurinn sé kominn á rétta braut þá eru enn til staðar margvíslegar félagslegar hindranir. Margir einstaklingar sem setið hafa í fangelsi bera þungan bagga sakarkostnaðar og upplifa fordóma í samfélaginu. Þetta getur valdið ýmsum erfiðleikum, bæði líkamlegum og andlegum. Starfshópurinn skoðaði þetta ekki sérstaklega en auðséð er að slíkt getur verið hindrun á vegi þeirra í átt að farsælli aðlögun og því mikilvægt að líta til þess til framtíðar.

# Tillögur

Starfshópurinn setur fram eftirfarandi tillögur til að bæta félagslegar aðstæður einstaklinga sem lokið hafa afplánun refsingar í fangelsi.

- Heildræn nálgun á betrun fanga sem byggir á virðingu og kærleik
- Samfellt verklag bataferlis frá dómsuppkvaðningu, í afplánun og eftir að henni lýkur
- Samtal við brotamann strax eftir uppkvaðningu dóms
- Aukin áhersla á fjölskyldu og aðstandendur þeirra sem afplána refsidóma
- Tryggja þarf menntunarúrræði í fangelsum landsins
- Tryggja þarf bætt heilbrigðismál fanga
- Lögð sé áhersla á betrun sem leiði af sér lægri endurkomutíðni í fangelsi
- Ráðstefna/málþing verði um betrun fanga og bættra félagslegra aðstæðna einstaklinga sem lokið hafa afplánun

Þá er lagt til að skipaður verði stýrihópur með breiða skírskotun, sem falið verði að fylgja eftir tillögum skýrslunnar.

Fyrir hönd starfshópsins,

Þorlákur Morthens

